

Ráðherra, kæru félagar,

Velkomin á 6. þings Starfsgreinasambands Íslands á Selfossi.

Mig langar að byrja á að þakka félögum okkar hér á Suðurlandi fyrir góðar móttökur, eins og þeim er von og vísa, og óska okkur öllum góðs þings.

Ábyrgð okkar sem vinnum fyrir stéttarfélög, og erum fulltrúar vinnandi fólks, er mikil. Vinnumarkaðurinn er sífellt að breytast og áskoranir framtíðarinnar eru miklar og erfiðar. Hann mun sennilega gjörbreytast á næstu árum, enda eru tæknibreytingar mjög örvar og við getum varla ímyndað okkur hvert framhaldið verður.

Samkvæmt sumum spám mun um helmingur starfa, sem fólk innan okkar hreyfingar vinnur í dag, hverfa næstu tvo áratugi og samkvæmt öðrum spám verður hið hefðbundna ráðningarsamband atvinnurekenda og launmanns veikara.

Nú þegar verðum við vör við alls konar vinnusambönd, sem eru ekki innan ramma laganna og má þar sérstaklega nefna ástandið í ferðaþjónustunni. Þar sjáum við ólögleg sjálfboðastörf, gerviverktöku, tímaráðningar og aðra ólöglega ráðningarsamninga og tími okkar fer sífellt meira í slík mál.

Í þessu ástandi er sterk verkalýðshreyfing gríðarlega mikilvæg og sá lagarammi sem við búum við gerir okkur kleift að aðstoða alla sem til okkar leita. Allir eru skuldbundnir til að greiða í stéttarfélag og það gerir okkur líka skyldug til að veita öllum þjónustu. Það er mjög mikilvægt.

Við verðum að passa vel uppá að einingar okkar séu nógu sterkar til að veita öllum þessa þjónustu. Nógu sterkar til að verja íslenskan vinnumarkað gegn félagslegum undirboðum, því allir tapa á slíku.

Þetta snýst um að veita sem besta þjónustu, vera tilbúin til að taka framtíðar-áskorunum og verja leikreglur vinnumarkaðarins.

Skipulag og uppbygging verkalýðshreyfingarinnar má ekki vera fjötur um fót í þessum verkefnum. Við verðum að vera tilbúin að stokka kerfið okkar upp, sameina félög og efla samstarf ef nauðsyn krefur.

Við verðum alltaf að hugsa hvað sé best fyrir félagana, láta rótgróið skipulag víkja ef svo ber undir.

Síðastliðinn vetur heimsótti forysta Starfsgreinasambands Íslands öll aðildarfélög sambandsins. Hvarvetna fengum við góðar móttökur, samtöl og skoðanaskipti voru heiðarleg og árangursrík.

Það var gott að finna að félögum lá gott orð til sambandsins og mikið var rætt um þennan mikilvæga vettvang verkafólks af öllu landinu. Á mörgum fundum var minnst á nokkur atriði sem mikilvægt er að halda til haga.

### **Félagsaðild, vinnustaðaeftirlit, samstarf og sameiningar.**

Grundvöllur þess að við getum varið réttindi okkar félagsmanna er að þeir séu skráðir í rétt aðildarfélag. Verkamaður sem lendir í deilum við atvinnurekanda á Selfossi verður að vera skráður í Bárúna svo að félagið geti beitt sér.

Því miður hafa verið brögð að því að atvinnurekendur hafi dreift starfsfólki sínu í hin ýmsu félög og eru þar með að veikja réttindi starfsfólks. Þetta á ekki að líðast og við verðum að taka höndum saman og leiðrétta svona vitleysu ef við verðum hennar vör.

Það er mikilvægt fyrir félagsmenn okkar og það er mikilvægt fyrir sterka verkalyðshreyfingu. Á þessu eiga ekki að vera neinar undantekningar.

Um félagsaðildina verður fjallað sérstaklega hérna á þinginu og fyrir liggur samkomulag á milli félaga innan SGS, sem ég treysti að allir geti samþykkt.

Það var ljóst í erindrekstrinum að það var ákall um meira samstarf á milli stéttarféлага. Það er liðin tíð að fólk vinni sömu vinnuna alla sína starfsævi á sama staðnum og sé í sama félagi.

Vinnandi fólk fer á milli landssvæða, á milli menntunarstiga og milli starfsgreina og við þurfum að aðlaga okkur að þeim veruleika. Fólk er jafnvel sama í hvaða stéttarfélag það greiðir og á erfitt með að skilja að það þurfi að hefja söfnun orlofspunkta uppá nýtt í nýju félagi, eða að það fái styrk til gleraugnakaupa í þessu félagi en ekki í öðru.

Þarna liggur ábyrgð okkar en ekki félaganna á að skýra og samræma reglur á milli félagssvæða.

Við höfum góðar fyrirmyndir. Félögin hér á Suðurlandi hafa átt í nánun og vaxandi samstarfi sín á milli og sömu sögu er að segja um nokkur félög á Norðurlandi. Þar ber helst að nefna vinnustaðaeftirlitið sem hefur orðið svo mikilvægur hluti af okkar störfum hin síðari ár.

Fulltrúar okkar í eftirlitinu hafa unnið mjög gott starf við að upplýsa starfsfólk um réttindi sín, tengja fólk við stéttarfélög, bæta þekkingu atvinnurekenda á kjarasamningum og uppræta félagsleg undirboð.

Störf okkar í eftirlitinu hafa sannað sig svo um munar og enn má gera betur. Við þurfum líka að samræma eftirlitsstörfin svo að vinnulag sé eins á öllu landinu en mikilvægast af öllu er að hafa heimildir til að afla upplýsinga og bregðast við þeim.

Það er afar dapurlegt að samstarf við opinberar stofnanir hafi ekki gengið sem skyldi og við verðum að koma því á koppinn aftur. Þá þarf að vera hægt að skoða allt í einni ferð, kaup og kjör starfsfólks, aðbúnað starfsfólks, skil á opinberum gjöldum og jafnvel húsakost starfsfólks ef það er í húsnæði á vegum atvinnurekenda.

Við verðum líka að geta brugðist hratt við ef ljóst er að fólk vinnur eða býr við óviðunandi aðstæður. Stéttarfélögin hafa takmarkaðar heimildir til að bregðast við og takmarkaðar upplýsingar sem við getum aflað.

Ríkisvaldið verður þarna að taka á honum stóra sínum og efla samstarf, samráð og eftirlit til muna. Það er krafa hreyfingarinnar enda erum við þau sem vitum best hvernig ástandið er á vinnumarkaðnum á hverju svæði fyrir sig.

Kæru félagar,

Þingið okkar að þessu sinni er haldið rúmlega tveimur vikum fyrir Alþingiskosningar. Við þurfum að koma ýmsu á framfæri við það fólk sem gefur kost á sér til að starfa sem þingmenn og ráðherrar næstu árin.

Efling eftirlitsstofnana er þar efst á blaði. Vinnumálastofnun, Vinnueftirlitið og Skatturinn þurfa að vera vandanum vaxin og leggjast á árararnar með okkur til að bæta vinnumarkaðinn.

Lög um keðjuábyrgð eru líka nauðsynleg í baráttunni gegn félagslegum undirboðum og ættu að gilda um allan vinnumarkaðinn. Þá gengur ekki lengur að ekki sé nein aðgerðaráætlun gegn mansali í gildi og fá úrræði til staðar þegar við sjáum verstu birtingamyndir misnotkunar á vinnuafli.

Þessi verkefni eru stór og brýn og við skulum halda ábyrgð ríkisins til haga það sem eftir er kosningabaráttunnar.

En ábyrgð ríkisins liggur á fleiri stöðum. Skattbyrði þeirra sem lægstu tekjurnar hafa hefur aukist hlutfallslega hin síðari ár og við vitum að það er ávísun á fátækt ef illa launað fólk veikist og þarf að bera kostnað af heilbrigðisþjónustu. Ríkið hefur gerst sífellt grófara í því að láta sjóði sem vinnandi fólk hefur safnað í yfir starfsævina koma í staðinn fyrir öflugt opinbert velferðarkerfi. Þannig greiða sjúkrasjóðir okkar æ fleiri liði er varðar sjúkrakostnað og fl. sem ríkið ætti að greiða.

Þá má ekki gleyma því að ríkið er stærsti atvinnurekandi á landinu og ber sína ábyrgð á því að fólk á lægstu launum nær ekki að framfleyta sér almennilega.

Skerðingar vaxta- og barnabóta hafa svo komið til viðbótar sífellt minnkandi hlut ríkisins í að gera fólki kleift að bjarga sér.

Við þetta verður ekki unað öllu lengur og vinnandi fólk gerir þær kröfur á kjörna fulltrúa að þeir vinni raunverulega að bættum hag launafólks.

Kæru félagar,

Frumskylda stéttarféлага er að semja um kaup og kjör fyrir félagsmenn sína.

Þegar kemur að endurnýjun kjarasamninga, hvort sem þeim verður sagt upp í febrúar á næsta ári eða gilda út samningstímann, þá verðum við tilbúin.

Vinnan er nú þegar hafin við að safna í sarpinn í kröfugerð fyrir komandi samninga enda hefur okkur orðið ljóst að lítið gerist á milli samninga ef ekki kemur til þrýstingur frá félagsmönnum okkar.

Það voru gefin stór loforð í síðustu samningum um endurskoðun og úrvinnslu á ýmsum þáttum en síðan höfum við bara mætt skilningsleysi og verkfærni hjá viðsemjendum okkar.

Í desember næstkomandi munum við hittast og fara vel yfir alla samningana okkar. Við höfum boðið stéttarfélögum utan SGS, sem eru með sambærilega samninga til liðs við okkur í þeirri vinnu.

Því var haldið fram í samningunum 2015 að hér færi allt á hliðina ef samið yrði um meiri hækkanir en örfá prósent. Með því að sýna samstöðu aðildarfélaganna SGS og sýna að fólkið okkar var tilbúið í baráttu náðum við takmarki okkar um 300 þúsund króna lágmarkslaun og viti menn – hér fór ekkert á hliðina.

Við búum að þessari reynslu í komandi kjarabaráttu og mætum til leiks með kröfur um að fólk geti séð sér farborða á lágmarkslaunum og njóti umbunar fyrir reynslu og færni á vinnumarkaðnum.

Það er komið að því að endurreisa taxtakkerfið en það hefur látið á sjá svo um munar undangengna samninga. Afleiðingin er sú að fólk fær ekki sanngjarna umbun fyrir margra ára störf og hækkar minna á milli launaflokka en áður.

Þetta eru stóru verkefni í komandi kjarasamningum og við göngum vonandi samstillt til þeirra verka.

Kæru félagar,

Það er alltaf gaman og gagnlegt að hittast á þingum Starfsgreinasambandsins, ræða málin, skemmta okkur saman, en fyrst og fremst að leggja línurnar fyrir næstu ár.

Ég efast ekki um að við vinnum vel saman hérna næstu tvo daga og förum heim með sameiginlegt markmið um að bæta kjör og stöðu félagsmanna, okkur öllum til heilla.

Ég segi sjötta reglulega þing Starfsgreinasambands Íslands sett.

Björn Snæbjörnsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands